



Borgarráð

### ***Suðurlandsbraut 68-70 - Úthlutun lóðar***

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að úthluta Grund-Mörkin ehf. kt. 551206-0250 (GM ehf.), um 13.000 fermetra lóð við Suðurlandsbraut 68-70. Verð lóðarinnar er kr. 187.220.000.- en þar af er gatnagerðargjald kr. 166.620.000.- og er greitt fyrir útlagðan kostnað skv. samkomulagi kr. 20.600.000. - Á lóðinni er gert ráð fyrir byggingu allt að 78 íbúða fyrir eldri borgara. Lóðin er skilgreind sem íbúðarhúsalóð.

Borgarráð samþykkti á fundi sínum þann 24. október 2013 að endurúthluta GM lóðunum nr. 68 og 70 við Suðurlandsbraut gegn greiðslu á kostnaði samtals kr. 20.600.000. auk greiðslu gatnagerðargjalda. Lóðirnar hafa nú verið sameinaðar í eina lóð, með breytingu á deiliskipulagi fyrir Suðurlandsbraut 58-76 sem nú hefur verið auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Byggingarmagn er aukið í samtals 15.000 fermetra sem skiptast í 10.700 fermetrar ofanjarðar og 4.300 fermetra neðanjarðar. Við endurúthlutun lóðarinnar greiðast gatnagerðargjöld af byggingarmagni ofanjarðar kr. 118.823.500.- Gatnagerðargjöld af byggingarmagni neðanjarðar innheimtist þegar byggingaleyfi verður gefið út þar sem ekki liggur fyrir á þessu stigi í hvaða gjaldaflokk það byggingarmagn lendir.

Greiðslufrestur er 45 virkir dagar frá samþykki borgarráðs. Verði ekki af greiðslu lóðarverðs í samræmi við ofangreint innan tilskilins frests eða ef að vanskil verða á greiðslu lóðarverðs getur það varðað afturköllun á úthlutun lóðar. Sama á við ef framkvæmdafrestir eru ekki virtir.

Lóðarhafi á ekki rétt á því að skila umræddri lóð aftur til Reykjavíkurborgar gegn endurgreiðslu lóðarverðsins sbr. lokamálslið greinar 1.14. í almennum lóða og framkvæmdaskilmálum frá því í júní 2013. Lóðarhafa er heimilt að framselja rétt sinn með leyfi borgarráðs þar til lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út. Eftir að lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út er framsal lóðarinnar frjálst.

Fráveituheimæðagjald kr. 395.494.- er innheimt af Veitum ofh. (áður Orkuveitu Reykjavíkur).

Ef samþykktar verða stærri byggingar á lóðinni en sem nemur viðmiðunarstærð gatnagerðargjalds á lóðinni skulu byggingaleyfishafar greiða viðbótargatnagerðargjald fyrir þá fermetra sem bætast við núverandi byggingarheimildir skv. samþykktu deiliskipulagi sem gildir í dag.

Kvöð er á lóðinni um að einungis megi ráðstafa íbúðum sem á henni rísa til einstaklinga sem náð hafa 60 ára aldri.

Lóðin er afhent í núverandi ástandi sem lóðarhafi hefur kynnt sér og sættir sig við. Að öðru leyti gilda um lóðina almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar frá júní 2013, sjá hér [reykjavik.is/lodir](http://reykjavik.is/lodir) og deiliskipulagsskilmálar fyrir Suðurlandsbraut 58-76 í Reykjavík, auglýst í B-deild stjórnartíðanda 23. ágúst 2016.

Nánari ákvæði verða sett um leigu fyrir lóðina í lóðarleigusamningi. Lóðarleigusamningur verður gerður við lóðarhafa þegar lóðin er greidd.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Tillaga til borgarráðs, dags. 21. október 2013

